



Öryggisleiðbeiningar (MSDS)

Samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 og tilskipunum 91/155/EEC og 93/112/EEC.

1. Söluheiti efnis eða vörutegundar. Nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.

Söluheiti vöru: **SUPER SLAKS**

Dreifingaraðili: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Öryggisleiðbeiningar: EFNAVERND ehf., Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130

Neyðarlínan; sjúkrabifreið, slökkvilið og lögregla: sími 112

Eitrunarupplýsingastöð Landspítala, Fossvogi, Reykjavík: sími 525 1111

2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnaheiti:	Styrkur %:	Hættuflokkun:
64742-94-5	265-198-5	Leysibensín (úr jarð- olíu), þungt, arómatískt	60 - 100	Xn H65
67-64-1	200-662-2	Aseton	5 - 10	F, Xi H11-36-66-67
119-36-8	-	Metýl salicylate	1 - 5	Xn H22-36/37/38

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hættusetninga - sjá lið 16.

3. Varúðarupplýsingar.

Getur valdið lungnaskaða ef efnið berst í lungu við inntöku eða uppköst.
Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.





4. Skyndihjálp.

Við innöndun:	Tryggið strax hreint loft og hvíld á hlýjum stað. Ef slasaði á erfitt með öndun, gefið súrefni eða veitið öndunarhjálp. Leitið strax lækni.
Snerting við húð:	Farið úr fötum sem mengast af efninu og þvoðið húðina vandlega með miklu vatni og sápu.
Snerting við augu:	Skolið strax vandlega með nægu vatni í a.m.k. 15 mínútur með augað vel opið; lyftið augnlokum. Leitið lækni.
Við inntöku:	Skolið munn og háls vandlega með vatni. Framkallið EKKI uppköst. Leitið umsvifalaust lækni.
Upplýsingar f. lækna:	Hugsanlegar eru truflanir eða skemmdir á lifur og nýrum. Möguleg áhrif á miðtaugakerfi. Krampi. Getur ýtt undir hjartakvilla sem einstaklingur hefur fyrir.

5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld.

Efni/aðferðir: Heppileg slökkviefni eru duft, froða eða kolsýra. Haldið lokuðum umbúðum með efninu á hættusvæðinu köldum með vatnsúða. Vatn sem notað er við slökkvistörf og blandast hefur efninu má ekki komast í niðurföll, jarðveg eða vatnsfarvegi. Því þarf að safna og meðhöndla sem efnaúrgang. Gerið ráðstafanir til að tryggja að efnið berist ekki út í umhverfið ef verið er með mikið magn.

<i>Sérstök hættu:</i>	Lokaðar umbúðir geta sprungið ef þær hitna. Gufa efnisins er þyngri en loft og getur safnast upp í dældum og lægðum.
6. Efnaleki.	Takmarkið útbreiðslu leka og loftræstið svæðið þar sem lekinn varð. Látið efnið ekki berast í niðurföll. Fjarlægjið allt sem valdið getur íkveikju og reykið ekki. Notið sand, jarðveg eða önnur óvirk ísogsefni til að hefta og hreinsa upp efnið og látið í viðeigandi og merkt ílát til förgunar. Þvoið mengað svæði með viðeigandi hreinsiefni eftir að efnið hefur verið hreinsaðu upp.
7. Meðhöndlun og geymsla.	<i>Meðhöndlun:</i> Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Forðist innöndun gufu eða úða. <i>Geymsla:</i> Geymið á öruggum stað í upprunalegum umbúðum uppréttum við 0 - 40°C.
8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður.	<i>Tæknilegar aðgerðir:</i> Tryggið góða loftræstingu í vinnurými. <i>Mengunarmörk:</i> Aseton: (MG) 250 ppm 600 mg/m ³ <i>Persónuhlífar;</i> <i>Öndunargrímur:</i> Notið aðeins á vel loftræstum stað. <i>Fyrir augu:</i> Viðurkennd hlífðargleraugu ef hættu er á að efnið berist í augu. <i>Fyrir hendur:</i> Ógegndræpir hlífðarhanskar við endurtekna eða langvarandi notkun. <i>Fyrir húð:</i> - <i>Hreinlæti við vinnu:</i> Þvoið hendur og andlit áður en matast er eða drukkið og fyrr önnur hlé. Farið strax úr fötum sem mengast af efninu og þvoið vandlega líkamshluta sem komast í snertingu við efnið. Þvoið mengaðan hlífðarfatað áður en hann er notaður aftur.
9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.	<i>Ástand / útlit / lykt:</i> Vökvi / svartur / leysiefnalykt <i>Sýrustig (pH):</i> - <i>Bræðslumark:</i> - <i>Suðumark:</i> - <i>Blossamark:</i> 70°C (Closed cup) <i>Sprengimörk; neðri - efri:</i> - <i>Eldnærandi eiginleikar:</i> - <i>Gufuþrýstingur:</i> - <i>Seigja:</i> - <i>Eðlisþyngd:</i> 0,885 +/- 0,015 við 25°C <i>Leysni:</i> Leysist ekki í vatni
10. Stöðugleiki og hvarfgirni.	<i>Stöðugleiki:</i> Efnið er stöðugt við venjulegar aðstæður. <i>Aðstæður sem skal forðast:</i> - <i>Efni sem skal varast:</i> Sterkir oxunarmiðlar. <i>Hættuleg niðurbrotsefni:</i> Kolmónoxíð.
11. Eiturfræðilegar upplýsingar.	<i>Almennt:</i> Getur haft áhrif á miðtaugakerfi, hjarta og æðakerfi og valdið skemmdum á lifur og nýrum ef efnið kemst í líkamann.

<i>Við innöndun:</i>	Köfnun er möguleg. Getur haft áhrif á miðtaugakerfi. Einkenni geta verið máttleysi, óeirð, höfuðverkur, ógleði og síðan syfja, svimi rugl og jafnvægisleysi.		
<i>Snerting við húð:</i>	Ertandi. Getur valdið húðvandamálum og ofnæmi.		
<i>Snerting við augu:</i>	Mjög ertandi.		
<i>Við inntöku:</i>	Getur valdið lungnaskaða ef efnið berst í lungu við inntöku eða uppköst. Ýmis einkenni frá meltingarfærum.		
<i>Bráð eiturrhif:</i>	-		
<i>Langtímaáhrif:</i>	Getur hugsanlega valdið ofnæmi.		
12. Hættur gagnvart umhverfinu.			
<i>Hegðun í umhverfinu:</i>	-		
<i>Líffræðileg áhrif:</i>	-		
<i>Aðrar vistfræðilegar uppl.:</i>	Aðeins flokkað (UK) sem hættulegt umhverfinu við sjóflutninga.		
13. Förgun.			
<i>Förgun vörunnar:</i>	Endurvinnið ef hægt er. Notað efni og skemmt, afgangar og menguð ísogsefni skilist á móttökustöð fyrir spilliefni.		
<i>Förgun umbúða:</i>	Menguðum umbúðum skal farga á sama hátt og vörunni sjálfri. Hreinum umbúðum má farga eða endurvinna á sama hátt og almennu sorpi, ef annað kemur ekki fram í reglum.		
14. Flutningur.			
<i>Flutningur á landi:</i>	ADR/RID flokkur: 9	UN-nr.: 3082	Númer og bókstafur: 11 C
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki: 9	Hættunr.:	Pökkunarflokkur:
<i>Flutningur á sjó:</i>	IMDG flokkur: 9	UN-nr.: 3082	Pökkunarflokkur:
	Ems:	MFAG:	
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:		Sjávarmengandi: já
<i>Flutningur í lofti:</i>	ICAO/IATA flokkur:	UN-nr.:	Pökkunarflokkur:
	Nafn efnis:		
	Varúðarmerki:		
<i>Vinnueftirlit ríkisins gefur upplýsingar um reglur um flutninga á hættulegum efnum.</i>			
15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.			
<i>Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:</i>			
			
<i>Varnaðarmerki:</i>	Xn, N	HÆTTULEGT HEILSU	HÆTTULEGT UMHVERFINU
<i>Inniheldur:</i>	Leysibensín (úr jarðolíu)		<i>EB-nr.:</i>
<i>H - setningar:</i>	H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku. H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.		

<i>V - setningar:</i>	V51	Má aðeins nota á vel loftræstum stað.
	V62	Varist að framkalla uppköst eftir inntöku. Leitið umsvifalaust lækni og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.
	V61	Forðist losun út í umhverfið. Athugið sérstakar ráðleggingar / öryggisleiðbeiningar.
	V35	Vörinni og umbúðum hennar skal fargað á tryggilegan hátt.
	(V2)	GEYMIST ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765/2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

16. Aðrar upplýsingar.

Gert þann: 27-10-04

Dagsetning frumrits: 11-02-03

Breytt þann: -

Breyttir liðir: -

Gert fyrir: OLÍUVERZLUN ÍSLANDS hf., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, sími 515 1000

Unnið af: EFNAVERND ehf., Suðurlandsbraut 10, 108 Reykjavík, sími 588 8130 / FF

Texti hættusetninga sem fram koma í lið 2:

H11 Mjög eldfimt.

H22 Hættulegt við inntöku.

H36 Ertir augu.

H36/37/38 Ertir augu, öndunarfæri og húð.

H65 Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Annað: Þeir sem vinna með efnið þurfa að vera upplýstir um hættulega eiginleika þess og um nauðsynlegar varúðarráðstafanir við meðhöndlun. Tryggja þarf að nauðsynlegar persónuhlífar og öryggisbúnaður sé fyrir hendi.

Þessar öryggisleiðbeiningar eru unnar eftir MSDS frá ARROW CHEMICALS LTD, Derbyshire, UK.